



Árdís Jóna Bjarnþórsdóttir
Skeiðarvogur 97
104 Reykjavík

Kópavogi, 26. febrúar 2020
1911664/500.00 BR

Efni: Erindi frá íbúa um lokun göngustígs á milli Hrauntungu 115-119 og Digranesvegar.

Þann 24. október 2019 barst umhverfissviði Kópavogsbæjar erindi þitt þar sem þess er óskað að göngustígur sem liggur um botnlanga Hrauntungu 115-119 og að Digranesvegi verði lokað varanlega þar sem ástand göngustígsins sé ábótavant og af honum stafi slyshætta. Þá var á það bent að ekki sé kvöð um almennan göngurétt á lóð þinni að Hrauntungu 119.

Erindið hefur verið tekið fyrir á umhverfissviði og metið svo að ekki sé hægt að verða við beiðninni með þeim rökum að m.a. er um að ræða gönguleið að strætisvagnabiðstöð sem staðsett er við enda göngustígsins við Digranesveg og að leiðin sé jafnframt nýtt sem gönguleið á milli suðurhlíða Digranes og skólana við Digranesveg. Þá er að finna sambærilega göngustíga á greindu svæði og væri lokun göngustígarins því fordæmisgefandi.

Hvað varðar kvöð um almennan göngurétt á lóðinni þá er það mat umhverfissvið að þarna hafi mistök verið gerð við endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir lóðina Hrauntungu 119, en í lóðarleigusamning er tilgreind kvöð um gegnumakstur sbr. mæliblað dags. 26. september 2016. Samsvarandi fyrirkomulag er t.a.m. á göngustíg við botnlanga að Hrauntungu 75 þar sem tilgreint er á mæliblaði dags. 20. október 2016 að kvöð er um gegnumakstur og almennan gangrétt sem er hluti af lóðarleigusamningi fyrir þá lóð.

Með hliðsjón af framangreindu telur umhverfissvið að réttast væri að leiðrétta mæliblað sem og lóðarleigusamning og setja inn kvöð um almennan göngurétt. Hins vegar er tekið undir þau sjónarmið að ástand göngustígsins sé ábótavant og verður hann lagfærður. Jafnframt býðst Kópavogsbær til að sinna nauðsynlegum frágangi innan lóðarinnar Hrauntungu 119 er tengjast lagfæringum á göngustígnum. Þá verður bætt úr vetrarþjónustu á göngustígnum sem og botnlanga.

Virðingarfyllt,

 **Kópavogsbær**
Umhverfissvið

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar